Minnisblað

Viðtakandi	Umhverfis- og samgöngunefnd	**Dagsetning**	12.11.2026
Sendandi	Innviðaráðuneytið	**Málsnúmer**	IRN26080037

Vegna 156. máls, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999 (lagfæringar).

Ráðuneytið vill koma eftirfarandi á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd varðandi 156. mál:

Ráðuneytið tekur undir umsögn Byggðastofnunar, dags. 9. október 2026 og styður þær breytingartillögur sem þar koma fram.

Þá hefur ráðuneytið skilning á áhyggjum sem fram koma í umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem barst Alþingi 23. október 2026. Ráðuneytið bendir hins vegar á að ákvæði e. liðar 1. gr. er í samræmi við 5. mgr. 97. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem fram kemur að Byggðastofnun leggi mat á framvindu sóknaráætlana og hafi eftirlit með fjárreiðum þeirra. Sama ákvæði er að finna í 5. mgr. 112. gr. frumvarps til nýrra sveitarstjórnarlaga, sjá 5. mál, þingskjal 5, sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi. Ráðuneytið leggur þó til að í stað orðsins „samráðs“ í 1. málsl. e. liðar 1. gr. komi orðið samstarf og á eftir orðinu „við“ í upphafi 1. málsl. komi ráðherra og. Þannig verði 1. málsl. e. liður 1. gr. svohljóðandi:

Í samstarfi við ráðherra og stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál leggur Byggðastofnun mat á framvindu sóknaráætlana landshluta og hefur eftirlit með fjárreiðum þeirra.

Að lokum vill ráðuneytið koma því á framfæri, vegna athugasemda sem fram hafa komið hvort eftirliti með póstþjónustu væri eftir atvikum betur fyrir komið hjá Samkeppniseftirlitinu, að Samkeppniseftirlitið hefur nú þegar eftirlit með Íslandspósti ohf. Til eru sameiginlegar reglur um afgreiðslu mála, þ.e. reglur Byggðastofnunar og Samkeppniseftirlitsins um meðferð og úrlausn póstmála, nr. 198/2022.

Einnig er rétt að benda á að starfandi er eftirlitsnefnd um framkvæmd sáttar Íslandspósts ohf. og Samkeppniseftirlitsins samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 sem fengið hefur nokkur mál til úrskurðar. Nefndin hefur ekki fundið dæmi um undirverðlagningu eða víxl niðurgreiðslur.

Sent til upplýsinga.